

Greinagerð

með B.E.d verkefninu

Lopapeysan

-Nauðsyn fortíðar-Tíska nútímans-

Brynhildur Reykjalín Vilhjálmsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu
í menntunarfræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Desember 2009

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Lopapeysan

-Nauðsyn fortíðar – Tíska nútímans-

Brynhildur Reykjalín Vilhjálmsdóttir

220676-5019

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, Grunnskólafræði

Desember 2009

Ágrip

Greinargerð þessi er unnin með lokaverkefni til B.Ed.-prófs við Menntavísindasvið, Kennaradeild Háskóla Íslands á haustönn 2009. Viðfangsefni lokaverkefnis er íslenska lopapeysan og saga þrjónsins á Íslandi er samofin sögu Íslands frá fornu til nútímans. Sýnt er fram á hvernig hægt er að nota Lopapeysuna við kennslu í textúlmennt í íslenskum grunnskólum.

Í upphafi Aðalnámskrá grunnskóla skoðuð og tengd við kennslu á Lopapeysu í gengum lokamarkmið, áfangamarkmið og þrepamarkmið. Í þeim kafla er einnig hugað að námsmati og mikilvægi þess í kennslu. Því næst eru teknar fyrir kennsluaðferðir og kenningar. Stuðst var við bókina Litróf kennsluaðferðanna eftir Ingvar Sigurgeirsson sem gefur góða hugmynd um hver fjölhæfur kennari þarf að vera. Einnig er farið í námsmannakenningar Deweys (larning by doing), Vygotskys (þroskasvæði) og Gardners (fjölgreindarkenningin) sem allir sýna fram á hve mikilvægt er að kennari styðji nemandann. Kenningar þeirra fjalla um að nemandi byggir ofan á fyrri reynslu með stuðningi frá umhverfi sínu og samfélagi, þannig tengi þeir sinn reynsluheim inn í skólasamfélagið og kennslu þar sem kennari er í hlutverki leiðbeinanda. Að lokum er sýnt fram hvernig námeðnið Lopapeysan tengist kennsluaðferðum og kenningum Deweys, Vygotskys og Gardners.

Formáli

Höfundur vill þakka ömmum sínum, fyrir kennslu og endalausá hvatningu, og þeirri reynslu sem þær hafa miðlað til hennar. Einnig vil ég þakka börnum mínum, maka og mömmu fyrir skilning og þann tíma sem þau hafa gefið mér og ekki má gleyma Agnesi Ýr Sigurjónsdóttur fyrir ánægjulegar rökræður um þrjón og þrjónauppskriftir.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	4
Aðalnámskrá Grunnskóla/markmið	6
Lokamarkmið	7
Áfangamarkmið	7
Þrepamarkmið	8
Tenging loka-, áfanga-, og þrepamarkmiða við kennsluverkefni	8
Námsmat	9
Kennsluaðferðir og kenningar	10
Kennsluaðferðir	10
John Dewey	12
Lev Vygotsky	12
Howard Gardner	13
Tenging kennsluaðferða og kenninga við kennsluverkefni	14
Samantekt	16
Heimildir	17

Aðalnámskrá Grunnskóla/markmið

Í þessum kafla tengi ég verkefnið Lopapeysa við verklega kennslu á elsta stigi grunnskólans en sýni jafnframt fram á að undirstöðuatriði við þrjónaskap eru kennd mun fyrir á yngri stigum. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla- listgreinar 2007 ber okkur að kenna nemendum „handverk sem áður var órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar en er nú vaxandi atvinnuvegur og hluti þeirra ímyndar sem einkennir íslenska menningu“¹

Textílmennt er ríkur þáttur í íslenskri menningu. Íslenskur útsaumur, tóvinna, þrjón og vefnaður er meðal gersema íslenskrar listasögu, arfleifð sem þjóðin þarf að þekkja og meta sem veganesti til framtíðar. Þetta veganesti er ekki einungis þáttur í sjálfsmýnd þjóðarinnar heldur einnig meðal þeirra efnislegu verðmæta og atvinnusköpunar sem nú á sér stað, m.a. í tengslum við uppbyggingu ferðaþjónustu í landinu. Handverk var áður órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar en er nú vaxandi atvinnuvegur og hluti þeirrar ímyndar sem einkennir íslenska menningu.²

Íslenska lopapeysan hefur sterkt sögulegt gildi í íslenskri menningu og er eitt af mestu núlifandi táknum um gamla menningu í nútímanum. Okkur ber að þekkja arfleifð okkar til að geta skapað framtíðina. Með kennslu í verkgreinum eins og textílmennt eru nemendum kynntar nýjar leiðir til að finna styrkleika sína sem oft á tíðum leynast ekki í bóklegum áföngum og gefa nemendum færni á að finna sjálfan sig og styrkja sína einstaklinga til sjálfstæðis. Með styrkingu nemendanna í fagurfræðilegri textílmennt líkt og með því að kenna handverkið með íslensku lopapeysuna er verið að stuðla að framþróun á íslenskri arfleifð og viðhalda gömlum hefðum í tengslum við nýbreytni nútímans. Með aukinni þekkingu á íslenskri arfleifð er verið að marksetja sporin til framtíðarinnar og tryggja áframhaldandi þróun á íslenskri arfleifð.

Í aðalnámskrá grunnskóla segir að eitt af grundvallaratriðum menntunar sér jafnrétti til náms og að nemendur fái kennslu við sitt hæfi. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að afla sér þeirrar leikni og þekkingar sem koma til mót við ólíkar þarfir þeirra, styrkleika og áhugasvið, sem býr nemendur undir ævilangt nám og síbreytilegar kröfur og sem leggja áherslu á vinnubrögð, skipulags- og samskiptahæfni og félagslega færni. Með kennslu í textílmennt í grunnskóla gefst tækifæri til að kynna fyrir nemendum handverk og margbreytileika þess. Kröfur eru á grunnskólann að búa

¹ Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 2007:16

² Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 2007:16

nemendur undir ævilangt nám og síbreytilegar kröfur með áherslu á vinnubrögð sem þroska félagslega færni og skipulags- og samskiptahæfni³.

Í grunnskólum er mikilvægt að leyfa nemendum að finna sinn eigin stíl í gegnum listgreinakennslu. Persónulegur still nemenda einkennist af umhverfi og er hægt að kenna gamlar aðferðir, nytsemi og vandvirkni, á tíma þar sem áherslur, efnahagur og verkkunnátta er síbreytileg.

Árið 1999 var markmiðum aðalnámskrár skipt niður í lokamarkmið, áfangamarkmið og þrepamarkmið sem innihalda lögmál og aðferðir, sem eru viðmið um nám einstaklingsins. Einnig þarf nemandi að þekkja og skilja sögulegt og félagslegt samhengi ásamt fagurfræðinni, sem er túlkun, og gangrýnin vinnubrögð. Þó svo að námskrár endurnýist með reglulegu millibili er grunnurinn álíkur.

Lokamarkmið

Lokamarkmið eru sett til að gefa heildarmynd af því sem stefnt er að í kennslu námsgreina í grunnskólum landsins. Lokamarkmið lýsa því sem skólar eiga að stefna að ásamt því að skýra almennan tilgang náms og því sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að loknu lögbundnu skyldunámi. Í aðalnámskrá eru lokamarkmið greind niður í áfangamarkmið sem gerir nemendum og kennara auðveldara að stefna að lokamarkmiðum í áföngum⁴. Til að ná lokamarkmiðum þarf nemandi að hafa tileinkað sér þekkingu á grundvallaratriðum textílgreina og undirstöðuatriðum fagsins, til eigin sköpunar og skilnings. Nemendur þurfa að hafa tileinkað sér form- og litafraði, vefjafræði og þekkja hönnunarferli frá hugmynd til fullgerðar afurðar. Nemendur þurfa einnig að hafa tileinkað sér helstu aðferðir og tækni í prjóni, saumi, þrykki og tóvinnu. Í sögulegu samhengi þarf nemandi að hafa tileinkað sér helstu stefnur og strauma eins og þekkingu á sögu og þróun íslensks heimilisiðnaðar og hafa tilfinningu fyrir daglegri notkun textíla. Í fagurfræði þarf nemandi að geta lagt grunn að persónulegu gildismati og haft færni til að skynja hagnýtt gildi handverks og hönnunar.⁵

Áfangamarkmið

Aðalnámskrá grunnskóla setur fram áfangamarkmið sem er megin viðmið í öllu skólastarfi. Markmiðunum er deilt niður á öll stig grunnskólans þ.e. yngsta-, mið- og

³ Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 1999

⁴ Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar 2007:5

⁵ Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar 2007:18-19

elstastig og eiga að gefa heildarmynd af því sem ætlast er til að nemendur hafa tileinkað sér við lok hvers áfanga og hvort því marki sé náð. Áfangamarkmið er gott mælitæki fyrir bæði nemendur og kennara til að halda utan um námið og fylgjast með hvort og að hvaða marki þeim er náð og hvort leggja þurfi áherslu á einhvern þátt meira en annan.⁶

Þrepamarkmið

Aðalnámskrá grunnskóla setur fram þrepamarkmið sem er lýsing á skipulagi, samfellu í kennslu, hvernig námsgreinar fyrir sig. Hvernig útfæra eigi hverja námgrein og hvernig raða þeim í þrep eða lotur t.d. innan námsárs grunnskólans. Þrepamarkmið eru til leiðsagnar fyrir kennara, nemendur og foreldra. Ef skóli kys getur hann raðað þrepamarkmiðum sínum upp með öðrum hætti en þarf þá að birta það í skipulagi skólanámskrár⁷.

Tenging loka-, áfanga-, og þrepamarkmiða við kennsluverkefni.

Kennsluverkefni mitt er fyrir elsta stig grunnskólans, þar sem vinna við verkefni eins og Lopapeysu miðast við að nemendur hafi náð áfanga-, þrepa-, og lokamarkmiðum sem aðalnámskrá grunnskóla hefur sagt til um fyrir yngri skólastigin.

Á yngstastigi grunnskólans segir aðalnámskrá að fram fari kynning á inntakþáttum textílmenntar sem síðan er farið dýpra í á síðari stigum. Hjá yngri nemendum þarf að tengja viðfangsefni hugarheimi nemandans og leikjum því að athafnaþörfin hjá þeim er rík. Í þrepamarkmiðum hjá yngsta stigi segir fyrir m.a. að nemendur byrji að kynnast þrjóni í gegnum fingraprjón í öðrum bekk en í fjórða bekk læri nemendur að fitja upp, þrjóna garðaprjón og fella af. Í sögulegu samhengi læra nemendur m.a. að skoða íslenska ull og áhöld sem notuð eru við vinnslu ullar, nú og áður og fái innsýn inn í nýtingu ullarinnar⁸. Þar er lagður grunnur að þrjóni sem er forsenda þess að nemendur vinni verkefnið Lopapeysa.

Á miðstigi grunnskólans segir í aðalnámskrá að leitast skuli við að þroska með nemendum hæfileika þeirra til að vinna sjálfstætt og efla getu þeirra. Á þessum aldri er hönnunarþátturinn gerður meðvitaðri þannig að nemendur eiga að fá reynslu í gegn um skapandi vinnu og skoði ferlið frá hugmynd til útfærslu. Strax í þrepamarkmiðum fimmtabekkjjar segir til um að nemendur læri að þrjóna brugðna lykkju og skipta um lit

⁶ Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar 2007:5

⁷ Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 2007:5

⁸ Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. 1999:39-42

á gærni, að nemendur læri einfaldar aðferðir við úrtöku og útaukningu og geti beitt grunnreglum í litafræði því með að því raða saman litum í mismunandi tónum. Nemendur haldi svo áfram að bæta við sig þekkingu og læri einfalda munsturgerð, þjálfist í að taka mál og ákveða stærðir, nýti vel efni og gærni sem unnið er með og geri sér grein fyrir efnisþörf í verkefni sín og geti unnið eftir einföldum skriflegum leiðbeiningum. Í sögulegu samhengi læri nemendur að leita sér upplýsinga um íslenska ull og sögu ullarvinnslu, geri sér grein fyrir mikilvægi íslensku ullarinnar í textílverkum fortíða og viti að í íslensku bændasamfélagi fortíðarinnar var fatnaður næstum alfarið unninn á heimilum. Nemendur þekki framleiðsluferli íslenskt ullargarns.⁹

Á efsta stigi, er lögð áhersla á sjálfstæða vinnu nemanda á grundvelli fyrra náms.¹⁰ Á þessu stigi læra nemendur að þrjúna eftir einföldum leiðbeiningum og/eða þjálfast í að fara eftir skriflegum vinnulýsingum. Þeir fá tækifæri til að þróa eigin hugmyndir og tileinka sér orðaforða textílgreinarinnar ásamt því að skipuleggja eigið vinnuferli og þjálfist í að hugleiða mismunandi lausnir á verkefnum. Nemendur sýna fram á kunnáttu sína í að beita réttum vinnubrögðum og meðhöndli áhöld og verkfæri af öryggi. Í sögulegu samhengi eiga nemendur að gera sér grein fyrir áhrifamætti tísku á daglegt líf, viti í grófum dráttum hvernig fjöldaframleiddar flíkur eru unnar miðað við tækni og kunnáttu hvers tíma og geri sér grein fyrir breytingum í kjölfar fjöldaframleiðslu í iðnaði og tölvuvæðingu¹¹.

Öll þessi markmið hér að framanverðu, hvort sem er þrepamarkmið, áfangamarkmið eða lokamarkmið koma saman í verkefninu Lopapeysa. Verkefnið var sett upp fyrir elsta stig með það að leiðarljósi að öllum þessum þrepum og áföngum hafi verið náð. Til að geta innt verkefnið af hendi hefur þurft að fara fram ákveðið nám allt frá yngsta stigi, það nám hefur síðan bætt við sig og hlaðið á sig þekkingu frá einu þrepi til annars, ekki ósvipað kenningu Vygotskys um vinnupalla.

Námsmat.

Fyrir skólafarfið í heild er námsmat nauðsynlegur leiðsagngar þáttur, hvort sem er fyrir kennara eða nemendur. En hvað er námsmat? Og hvernig er best að meta nám og færni nemenda í verklegum greinum? Námsmat í textílmenn er ekki auðvelt og mikilvægt er fyrir kennara að í upphafi hver skólaárs viti hann að hverju er stefnt að og

⁹ *Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 1999:43-47*

¹⁰ *Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 1999:48*

¹¹ *Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 1999: 48-53*

hann hafi skýra áætlun um hvernig á að ná fram þeim markmiðum sem sett eru fram í hvert skipti. Það er ekki síður mikilvægt að nemendum sé gerð grein fyrir markmiðum vetrarins, annarinnar eða lotunnar, svo hann viti hvert hann er að stefna, í hvaða tilgangi og hvað hann getur gert til að komast þá leið sem ætlast er til af honum.¹² Endurgjöf til nemenda getur farið fram á ýmsum stigum¹³ og muna þarf að mismunandi matsaðferðir hæfa mismunandi verkefnum og þurfa markmiðin að miðast við getu einstaklingsins. Í lokamati, ásamt verkmati, þarf einnig að huga að framförum, sjálfstæði, ástundun, vinnubrögðum og samstarfshæfni nemandans og á hvaða hátt nemandinn tileinkar sér þessar aðferðir.

Námsmat á að vera jákvætt en einnig leiðbeinandi, gefa þarf nemendum með reglulegu millibili ábendingar um stöðu sína og veita þeim þá hvatningu sem þeir þarfnast til að vinnan verði uppbyggileg og ánægjuleg fyrir nemandann. Mikilvægt er að nemendur fái að gera sjálfsmat ekki eingöngu kennarans vegna, til að sjá hvort verkefnið höfðar til nemanda, heldur líka til að nemendur geti fylgst með eigin framförum og fylgt þeim markmiðum sem sett eru. „Sjálfsmat þjálfar nemendur í gagnrýnni hugsun og gefur þeim tækifæri til að tjá sig. Skipulegt námsmat í formi kannana eða prófa er skilvirkt til að skoða t.d. skilning og þekkingu á hugtökum, áhöldum, samhengi í vinnuferli og sögulegum og félagslegum kunnáttuatriðum“¹⁴.

Kennsluaðferðir og kenningar

Kennsluaðferðir

Þegar hugað er að kennsluverkefnum og þau búin til verða allir kennarar, óháð námsgrein að hafa í huga hvaða kennsluaðferðir eiga best við verkefnið hverju sinni. Kennari verður að geta tileinkað sér sem flestar kennsluaðferðir til að auðveldara sé fyrir hann að koma á móts við þarfir nemanda og að skilningur þeirra aukist á verkefninu við innlögn.

En hvað eru kennsluaðferðir og hvernig er þeim beitt í kennslu og hvers vegna? Ingvar Sigurgeirsson skilgreinir kennsluaðferð í bók sinni *Litróf kennsluaðferðanna* sem „það skipulag sem kennarinn hefur á kennslu sinni, samskiptum við nemendur,

¹² *Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar 2007:17-18*

¹³ *Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar 2007:7*

¹⁴ *Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar 2007:17-18*

viðfangsefnum og námsefni í því skyni að nemendur læri það sem að er keppt¹⁵. Kennsluaðferðir eiga rætur sínar að rekja til kenninga í námssálarfræði, námskráfræði og menntaheimspeki og eru því ólíkar í eðli sínu. Kennslu aðferðir byggjast á ólíkum forsendum og markmiðum því skiptir máli að kennari geri sér grein fyrir meginforsendum hverrar aðferða. En það sem flestar aðferðir eiga sameiginlegt er að hægt er að útfæra þær á ýmsa vegu.¹⁶ Því er best fyrir kennara að þreifa sig áfram því að engin aðferð er sú eina rétta. Það getur líka verið kostur fyrir kennara að geta skipt á milli mismunandi aðferða því það eykur líkurnar að nemendur njóti góðs af kennslunni¹⁷. Í bók Ingvars Sigurgeirssonar Litróf kennsluaðferðanna skiptir hann kennsluaðferðum niður í níu megin flokka sem eru:

Útlitunarkennsla- þar fræðir kennarinn, úrskýrir, varpar fram spurningum, ræðir og dregur ályktanir¹⁸

Pulu og þjálfunaræfingar- byggist á að kanna þekkingu nemanda, festa hana í minni og þjálfaleikni¹⁹.

Verklegar æfingar- markmið þeirra er að efla vinnubrögð eða þjálfaleikni á tilteknu sviði, þær eru meginuppistaða í kennslu margra list- og verkgreina²⁰.

Umræðu- og spurnaraðferðir- kennari virkjar nemendur til umræðna, rökræðu og skoðanaskipta²¹.

Innlifunaraðferðir og tjáning- kennari reynir að vekja áhuga nemenda og virkja sköpunarhæfileika hans og reynir að fá hann til að setja sig í spor annarra²².

Þrautalausnir- nemendur eru þjálfaðir í rökhugsun með því að takast á við ýmis úrlausnarefni²³.

Leitaraðferðir- nemendur líkja eftir fræðilegum vinnubrögðum²⁴.

¹⁵ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b: 9

¹⁶ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b :35

¹⁷ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:10

¹⁸ Ingvar Sigurgeirsson. 1999a:68

¹⁹ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:43

²⁰ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:44

²¹ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:44

²² Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:44

²³ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:109

²⁴ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b :125

Hópvinnubrögð- byggist á því að nemendur vinni saman í hópum og geti unnið sameiginlega, og verið samstíga um verkaskiptingu og hvernig standa á að verki við upplýsingaöflun, úrvinnslu og miðlun þau verkefni sem fyrir þau eru lögð²⁵.

Sjálfstæð, skapandi viðfangsefni- gerir mestar kröfur til nemenda, þeir vinna sjálfstætt, einir eða í hópum að skapandi verkefnum sem þeir taka þátt í að velja, móta og þróa²⁶.

John Dewey

John Dewey fæddist í Burlington, Vermont þann 20. Október 1859. Hann stundaði nám við háskóla í heimabæ sínum en fór síðar til framhaldsnáms við Johns Hopskis-háskóla í Baltimore, þaðan útskrifaðist hann árið 1884 með doktorspróf í heimspeki og tók við kennarastöðu við skólann²⁷. Dewey taldi að menntun væri fólgin í þroska einstaklingsins og að einstaklingurinn myndi læra út frá þeirri reynslu sem hann kemur með í skólann. Hann leit á kennslu sem eitt mikilvægast hlutverk samfélagsins.²⁸ Dewey taldi aðaleinkenni hvers barns vera hæfileikann til að læra nýjar athafnir og hluti sem leiddi svo til aukinnar þekkingar. Hann gagnrýndi vélræna og ópersónulega skipulagningu í kennslu og lagði grunn að einstaklingsmiðuðu námi. Hann vildi að nemendur lærðu með að framkvæma hluti sem þeir fengust við „learning by doing“ sem síðar hefur fengið nafnið leitarnám eða uppgötvunarnám. Hann taldi að kennarinn ætti að vera leiðbeinandi og styðja við nám barnsins en nemandinn væri sá sem framkvæmdi og lærði. Hann taldi að því meira sem kennari vissi „um fyrri reynslu nemenda, vonir þeirra og langanir og helstu áhugamál, því betur“²⁹ gæti kennari gert sér grein fyrir hvað það væri sem myndi halda áhuga nemanda gangandi og mótað hugsunarvenjur hans.

Lev Vygotsky

Kenninguna um félagslega hugsmíði má rekja til Lev Vygotsky (1896-1934), en hann lagði áherslu á tengingu á milli vitsmunafroska og beitingu tungumáls. Vygotsky taldi að uppruni vitsmuna lægju í umhverfi og menningu hvers og eins. Hann setti fram kenningu um þroskasvæðið og sagði það vera fjarlægðin á milli þess sem barnið getur án hjálpar og þeirrar leikni sem það getur náð með hjálp annarra sem eru getumeiri. Hann taldi að ef barnið fengi góða leiðsögn sem væri aðeins ofar getu þess, ásamt hrósi,

²⁵ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:45-46

²⁶ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:46

²⁷ Dewey, J. 2000b:8-10

²⁸ Dewey, J. 2000b:84

²⁹ Dewey, J. 2000a:76

myndi það byggja ofaná núverandi hæfni barnsins í staðin fyrir að barninu væri beint kennt nýja hegðun³⁰. Út frá kenningum Vygotskys um þroskasvæðið og vitmunafroska hefur komið upp kenning um vinnupalla (scaffolding) sem segir að einstaklingur byggi upp þekkingu í gegn um samtöl og félagsskap við þroskaðri einstaklinga sem styður hann og veitir honum örvun í formi vinnupalla. Smám saman byggir einstaklingurinn ofan á þekkingu sína, reynslu og hugmyndir og getur þar með fjarlægt vinnupallana og haldið áfram án stuðnings³¹.

Howard Gardner

Howard Gardner hélt því fram að vestræn menning skilgreindi hugtakið greind of þröngt³². Hann dró í efa að hægt væri að ákvarða greind einstaklingsins með greindarprófi, því að það gæfi ekki raunverulega mynd af einstaklingnum. Hann taldi að greind snérist frekar um hæfileika til að leysa þrautir eða vandamál og að hanna afurðir í góðu samspili og samhengi við námsumhverfið³³.

Helstu rök Gardners fyrir kenningu sinni koma úr þroskasálfræði og taugasálfræði. Í upphafi setti Gardner fram þá hugmynd að meðfæddar greindir mannsins væru sjö, en seinna áttu þær eftir að verða átta, hann taldi að greindirnar væru vel afmarkaðar í heilanum og því kæmu fram mismunandi hæfileikar hjá fólki³⁴.

Gardner heldur því fram að allir hafa allar greindirnar en bara mismikið af hverri. Hann telur að greindirnar starfi saman á sinn sérstæða hátt og hann telur einnig að umhverfi og örvun geti átt stóran þátt í að einstaklingurinn skari fram úr í ákveðnum greindum. Gardner segir að til sé „reynsla sem tendrar og reynsla sem lamar“, og að þau séu tvö lykilferli í þróun greinda. Með orðalaginu „reynsla sem tendrar“ á hann við jákvæð viðbrögð frá umhverfinu og „reynsla sem lamar“ sé neikvæð reynsla frá umhverfinu³⁵.

Fjölgreindir Gardners skiptast í: málgreind, rök og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind.

³⁰ Cole, M., Cole, S. R. og Lightfoot, C. 2005:196

³¹ Sólrún B. Kristinsdóttir

³² Armstrong, T. 2001:9

³³ Armstrong, T. 2001:14

³⁴ Armstrong, T. 2001:20-21

³⁵ Armstrong, T. 2001:30-31

Tenging kennsluáðferða og kenninga við kennsluverkefni.

Sú kennsluáðferð sem kennari notar í kennslu er ekki síður mikilvæg en verkefnið sjálft. Kennari þarf að vera búin þeim eiginleikum að þekkja helstu kennsluáðferðir og geta kveikt áhuga nemenda á verkefninu sem þeir takast við hverju sinni. Í innlögn og kveikju við kennslu gefst kennaranum ráðrúm til að nota umræðu og spurnaraðferð til að virkja nemendur til umræðna, leyfa þeim að rökræða og koma með sýnar skoðanir.³⁶ Einnig er hægt að leggja verkefnið inn sem hópainnlögn sem getur tengst umræðu og spurnaraðferð. Í verkefninu sjálfu myndi ég nota sýnikennslu sem sýnir vinnubrögð og aðferðir jafn og þétt eftir því hvernig verkinu gengur³⁷. Verklegrar æfingar sem stuðla að nemendur þjálfu upp vinnubrögð og leikni³⁸. Einnig er gott að nemendur haldi út verkmöppum þar sem nemendur geta haldið utan um verkefnið. Æskilegt er að í verkmöppu sé undirbúningur nemanda áður en verkefnið hefst, máltaka, uppskrift, leiðbeiningar að ýmsu tagi ásamt athugasemdum nemanda. Gott er fyrir nemendur að setja upp vinnuáætlun um verkefnið sem kennari og nemandi geta farið yfir í sameiningu. Einnig eru nemendur hvattir til að taka verkefnin sín heim og vinna heima.

Allir Íslendingar þekkja lopapeysuna, eða að minnsta, vita hvað lopapeysa er þegar hún er nefnd á nafn. Lopapeysa er eitthvað sem fylgir okkur Íslendingum, hún er í raun samfélagslegt og menningarlegt fyrirbæri. Flestir Íslendingar hafa átt eða munu eiga lopapeysu einhvern tímann á lífsleiðinni. Verkefnið Lopapeysa fellur því vel að kenningum Deweys vegna þess hve samgróid þetta hugtak er í samfélaginu, ekki vegna nauðsynjar eins og áður var heldur vegna þess að í dag þykir sá sem á lopapeysu og/eða gengur í lopapeysu vera flottur. Lopapeysan er í stöðugri þróun og í takt við tímann hægt er að klæðast henni nánast við öll tækifæri. Í verkefninu lopapeysa er leitast við að nemendur skapi sér nytjahlut sem er einnig tískufyrirbrigði og geti jafnfram lært að útfæra hana á sinn eigin hátt. Ætlast er til að nemendur elstastigs grunnskólans kunni undirstöðuatriði í þrjón áður en verkefni hefst. Kennarinn setur sig í hlutverk leiðbeinandans og styður við frekara nám og aukinnar leikni hjá nemandanum á meðan hann framkvæmir verkið (learning by doing). Ein af megin ástæðum fyrir verkefninu Lopapeysa er að nemendur kynnist gömlum þrjónahefðum inni í skólanum jafnt og utan hans, hefð sem áður lærðist kynslóð fram að kynslóð.

³⁶ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:44

³⁷ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:59

³⁸ Ingvar Sigurgeirsson, 1999b:22

Verkefnið Lopapeysa byggir á að nemendur bæti ofan á þekkingu sína og stutt er við nemendur á meðan þeir þrjóna. Þetta á vel við kenningar Vygotskys vegna þess að forvitni, áhugasemi og jafnvel kappsemi leiðir þau áfram. Á meðan verkefnið stendur yfir byggja þau smátt og smátt ofan á þekkingu sína sem leiðir til þess að nemandinn getur haldið áfram seinna, einn og óstuddur. Inntakið í kenningu Vygotskys er að það sem einstaklingurinn þarf hjálp við í dag getur hann gert sjálfur á morgun.

Að skoða fjölgreindarkenningu Garners með hliðsjón að verkefninu Lopapeysa er afar áhugavert. Garner telur að allir hafi greindirnar 8 en sumar séu virkari en aðrar og hægt er að þjálfra greindirnar upp. Með verkefninu Lopapeysa geta kennarar átt sinn þátt í að virkja allar greindir Garners. Við virkjum málgreind nemandans á einfaldan hátt með umræðum um verkefnið. Þrjónfesta, munstur og úrtaka stuðla að rök- og stærðfræðigreind. Með því að hanna, teikna eða breyta virkjum við rýmisgreind nemandans. Með því að nota snertiskynið við ullina, lopann og söguna virkjum við líkams- og hreyfigreind nemandans. Með taktföstum hreyfingum og hljóðum í þrjónum virkjum við jafnvel tónlistargreind nemandans. Með því að varpa fram spurningum og hugmyndum um verkefnið við nemendur og þeir sín á milli, virkjum við samskiptagreind nemandans. Með vinnuáætlun og verkefnabók, að nemendur setji sér markmið og fylgi henni og með því að íhuga verkefnið virkjum við sjálfsþekkingargreind nemandans. Og með hjálp ullarinnar og rannsóknnum á vefjarefnum virkjum við umhverfisgreind nemandans.

Samantekt

Að skrifa þessa greinagerð um lopapeysuna hefur mér þótt ákaflega mikilvægt. Mín fyrsta reynsla af þrjónaskap hefur ég ömmum mínum að þakka. Ekki var ég há í loftinu er ég sat með þeim er þær þrjónuðu og sögðu sögur, og smellið í þrjónunum gerði það að verkum að allar voru sögurnar hleypar dulúð, einhverju framandi. Enn þann dag í dag man ég, er ömmu þótti ég nógu gömul til að læra að þrjóna, 5 ára gömul og staðráðin í að ég ætlaði að gera eins og amma, ég ætlaði að þrjóna allt, frá dúkkufötum upp í fínustu kjóla. Ekki varð nú mikið úr kjólunum en dúkkurnar áttu fínustu trefla í allmörg ár. En ekkert jafnaðist við það að kunna, nú kunni ég.

Verkefnið Lopapeysa nýtist nemendum á elstastigi grunnskólans. Til að leysa verkefnið þurfa nemendur að hafa öðlast ákveðna færni sem ég fór í geng um í þrepamarkmiðum, áfangamarkmiðum og lokamarkmiðum. Með því að byggja ofan á færni sína með stuðningi frá kennara og hvatningu frá samnemendum gengur nemandi í gengum ákveðið þroskasvið eins og kom fram í kenningu Vygotskys. Ég hef sýnt fram á að kenningar Deweys henta einnig vel í textílmennt, vegna þess hvers eðlis kennslan er, þar sem nemandi lærir með því að gera. Í fjölgreindarkenningum Gardners er talað um að kveikja neistann, eins og ömmur mínar kveiktu hjá mér. Með þjálfun á einni greind, er stuðlað að uppbyggingu og tengingu á milli greinda sem örvar færni nemenda. Mikilvægt er að kennarar nýti sér þau tæki og tól sem við höfum í aðalnámskránni, hún hjálpar okkur til að hjálpa nemendum við að ná markmiðum sínum og stuðlar að því að nemandinn noti eigin frumkvæði og sköpunargáfur ásamt þeim kennsluaðferðum sem við kjósum að nota. Það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
Sótt 15. september 2009 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingefni/namskrar//nr/3953>
- Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar.* 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík. Sótt 15. september 2009 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingefni/namskrar//nr/3953>
- Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar.* 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík. Sótt 15. september 2009 af : <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingefni/namskrar//nr/3953>
- Armstrong, T. (2001). *Fjölgreindir í kennslustofunni* (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: JVP Útgáfa. (Upprunalega gefið út 2000).
- Cole, M., Cole, S. R. og Lightfoot, C. (2005). *The Development of Children* (5. Útgáfa). New York: Worth Publishers.
- Dewey, J. (2000a). *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1910).
- Dewey, J. (2000b). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1938).
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999a). *Að mörgu að hyggja*. Reykjavík: Æskan ehf.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999b). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Æskan ehf.
- Sólrún B. Kristinsdóttir. 18. Mars 2008. *Lev Vygotsky*. Sótt 11. Nóvember 2009 af: <http://starfsfolk.khi.is/solrunb/vygotsky.htm>